

13. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Hofsóshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. nóvember 1985.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Pórhildur Líndal.

Nr. 407

21. október 1985

SAMÞYKKT**um sorphreinsun á Laugarbakka.**

1. gr.

Sveitarstjórn Ytri-Torfustaðahrepps annast eða býður út alla sorphreinsun á Laugarbakka, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og með umsjón heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Sérhverjum húseiganda er skylt að haga sorpgeymslu og sorphirðingu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, fyrirmælum heilbrigðisnefndar og samþykktum sveitarstjórnar.

3. gr.

Við hverja húseign skal vera sorpgeymsla, gerð fyrir sorppoka. Sorppoka skal komið fyrir í grind eða skáp, sem sveitarfélagið hefur samþykkt. Húseigendur skulu kosta kaup þeirra, uppsetningu og viðhald. Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og allur aðgangur að þeim og frágangur þeirra í fullu samræmi við ákvæði byggingareglugerðar.

4. gr.

Almenn sorphirða greiðist af sveitarsjóði. Þó skal notandi greiða árlega gjald, er miðast við fjölda þeirra sorpgrinda er hann notar. Gjald þetta ákveðst árlega af sveitarstjórn í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og innheimtist með fastagjöldum.

5. gr.

Í sorppoka má setja allt venjulegt heimilissorp, svo sem matarleifar, umbúðir, fatnað, blöð, pappír og úrgang frá lóðum, annað en mold, torf, grjót og stórar greinar.

Ekkert má setja í sorppoka, sem getur skemmt þá (t. d. óinnpökkuð glerbrot) eða sem er svo þungt að hætta sé á að þeir rifni við flutning. Óheimilt er að setja eldfima vökva, svo sem olíu og bensín í sorpílát, hvort sem er laust eða í umbúðum.

Gæta skal þess að fylla sorppoka ekki meira en svo að aðveldlega megi loka þeim.

Sorphirðumönnum er heimilt að skilja eftir poka sem eru fylltir um of, rifnir eða svo þungir að hætta sé á að þeir rifni.

6. gr.

Allt það sorp, sem eigi veður látið í sorppoka eða sem hirða þarf örar en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu hlutaðeigendur annast um sjálfir, á eigin kostnað, sé ekki um annað samið.

Skýlt er þeim að hlíta til fulls, fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar um umgengni og notkun sorphauga.

7. gr.

Sorphirða skal framkvæmd vikulega. Um stórhátíðir skal framkvæma aukahreinsun, eftir því sem við verður komið.

Sveitarfélagið leggur til einn sorppoka fyrir hverja viku ársins. Aukapoka má fá keypta í verslunum eða hjá starfsmönnum sveitarfélagsins. Sorphirðumenn mega ekki hnýsast í pokana eða fjarlægja úr þeim hluti.

8. gr.

Verslunar- og iðnaðarstöðum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum starfsemi, er krefst tíðari sorphirðu að mati heilbrigðisnefndar ber sjálfum að annast og kosta sína sorphirðu. Allur flutningur á vegum einstaklinga eða fyrirtækja á sorphauga skal framkvæmdur eftir ströngustu fyrirmælum og allur þrifnaður hafður í hávegum.

Sorpið skal urðað í til þess gerðum gryfjum, síðan brennt og þjappað og að lokum hulið með jarðvegslagi minnst 25 cm þykku. Sjá skal um að ekki myndist sig og vatnsfyllingar yfir gryfjunum og fyllsta hreinlætis skal gætt í hvívetna.

9. gr.

Hverjum húseiganda er skýlt að halda lóðum sínum og öðrum umráðasvæðum hreinum og fjarlægja þaðan allt er veldur óþrifnaði og flytja það á sorphauga bæjarins.

Bannað er að urða oliuleifar og önnur efni sem mengað geta jarðveg og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í ár og vötn. Skal þeim eytt eða brennt á tryggilegan hátt eftir því sem kostur er á og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti.

10. gr.

Kvörtunum vegna sorphirðu skal koma skriflega til sveitarstjórnar eða heilbrigðisnefndar náist ekki samkomulag við sorphirðumenn.

11. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

12. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Ytri-Torfustaðahrepps staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar við birtingu samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. október 1985.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.